



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110023513

Fimmtudagur

5. janúar 2012
1. tbl. · 29. árg.



Vantar þig íbúð
til leigu?

Hafðu samband!
sími: 456 6600



N1 VERSLUN ÍSAFIRÐI
Sími: 456 3995
OPIÐ: MÁN.-FÖS. 7-17



Alveg steisjón

„En svona reynsla blundar í manni og maður fer í ákveðið endurmat. Stokkar og gefur aftur. Að einhverju leyti er því kannski hollt að lenda í lífsháska,“ segir Barði Önundarson. Á miðopnu í dag segir hann frá háskalegri veiðiferð, hvað ber að forðast þegar tekin er gröf og ótalmörgum áhugamálum sínum.



VIÐ ERUM DAGLEGA Á FERÐinni
MEÐ VÖRUR UM ALLT LAND

| www.flytjandi.is | sími 525 7890 |





Skerðingarmörk húsaleigubóta vegna fjölskyldutekna hækka um áramót um 12,5% eða úr 2 milljónum króna í 2,25 milljónir króna.

Skerðingarmörk húsaleigubóta hækkuð

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra hefur ákveðið að hækka skerðingarmörk húsaleigubóta vegna fjölskyldutekna um 12,5% eða úr 2 milljónum króna í 2,25 milljónir króna árið 2012, að því er fram kemur á vefsíðu velferðarráðuneytis. Áætlað er að útgjöld ríkis og

sveitarfélaga aukist um 100 milljónir króna vegna hækkunarinnar. 60% viðbótarútgjaldanna verða fjármögnuð með sérstöku framlagi ríkisins í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga en 40% koma í hlut sveitarfélaganna, líkt og þegar húsaleigubætur voru síðast hækkaðar árið 2008. Samkvæmt

breytingunni sem tekur gildi núna um áramót skerðast húsaleigubætur óháð fjölskyldustærð í hverjum mánuði um 1% af árs-tekjum umfram 2,25 milljónir króna. Þetta er fyrsta skrefið í átt að því að jafna húsnæðisstuðning hins opinbera milli ólíkra búsetuforma. Með breytingunni fjölga

þeim sem eiga rétt á húsaleigubótum.

Í apríl síðastliðnum skilaði samráðshópur um húsnæðis- stefnu tillögum sínum til velferðarráðherra. Ein af megin tillögum hópsins fólst í því að teknar yrðu upp húsnæðisbætur í stað vaxta- og húsaleigubóta til að jafna húsnæðisstuðning hins opinbera milli ólíkra búsetuforma og stuðla að því að heimili hefðu val á milli leigu-, búseturéttar- og eignar- íbúða. Velferðarráðherra setti í haust á fót vinnuhóp um húsnæðisbætur sem vinnur að því að útfæra tillögu samráðshópsins. Ráðherra fól vinnuhópnum jafnframt að gera tillögu um hækkun á tekjuskerðingarmörkum

húsaleigubóta vegna ársins 2012 sem fyrsta skref í átt að því að jafna húsnæðisstuðning við fólk óháð búsetuformi. Niðurstaða hans var að leggja til 12,5% hækkun sem ráðherra hefur nú staðfest með reglugerð.

Grunnfjárhæð húsaleigubóta á hverja íbúð er 13.500 krónur á mánuði. Að auki bætast við 14.000 krónur fyrir fyrsta barn, 8.500 krónur fyrir annað og 5.500 krónur fyrir þriðja. Til viðbótar koma 15% þess hluta leigufjárhæðar er liggur bilinu 20.000–50.000 krónur. Húsaleigubætur geta mest orðið 46.000 krónur á mánuði en þó aldrei hærri en 50% af leigufjárhæð.

– asta@bb.is



Ofanflóðavarnir neðan Gleiðarhjalla, Ísafjarðarbæ

Mat á umhverfisáhrifum – athugun Skipulagsstofnunar

Ísafjarðarbær hefur tilkynnt til umfjöllunar Skipulagsstofnunar, frummatsskýrslu um ofanflóðavarnir neðan Gleiðarhjalla í Ísafjarðarbæ.

Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá **2. janúar 2012 til 14. febrúar 2012** á eftirtöldum stöðum: Á bæjarskrifstofum Ísafjarðarbæjar, á bæjar- og héraðsbókasafni Ísafjarðarbæjar, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á heimasíðunum www.nave.is og www.isafjordur.is.

Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 14. febrúar 2012 til Skipulagsstofnunar, Lauavegi 166, 150 Reykjavík. Þar fást ennfremur nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum.

Birt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 m.s.b.

Tvö ný leikrit frumsýnd í ár

Tvö ný leikrit og útgáfa þriggja nýrra þjóðlegra hljóðbóka er meðal þess sem nú þegar er komið á dagskrá ársins 2012 hjá Kómedíuleikhúsinu á Ísafirði. Skáldið á Þróm er nýtt íslenskt leikrit sem frumsýnt verður á Suðureyri í mars en síðan verður leikverkið Listamaðurinn með barnshjartað frumsýnt í Selárdal í júní. Þá verður Act alone haldin níunda árið í röð dagana 10.-12. ágúst Ísafirði og Suðureyri. Það má því búast við viðburðaríku ári hjá Kómedíuleikhúsinu sem fagnar í ár 15 ára afmæli en það

er meðal elstu starfandi sjálfstæðra leikhúsa á Íslandi í dag.

Árið sem var að kveðja var mjög viðburðaríkt en þá voru þrjú ný íslensk leikverk frumsýnd en óhætt er að segja að Kómedíuleikhúsið sé með duglegustu leikhúsum landsins við að frumflytja ný íslensk leikverk. Auk þess voru kómískir kunningjar með Gísla Súrsson fremstan í flokki, áfram á fjölnum. Act alone leiklistarhátíðin var haldin áttunda árið í röð og tvær nýjar Þjóðlegar hljóðbækur voru gefnar út.

– thelma@bb.is



Róleg áramót á Ísafirði

Skemmtanahald í umdæmi lögreglunnar á Vestfjörðum var eins og best verður á kosið að sögn lögreglunnar á Ísafirði. Þá var einnig rólegt á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði og að sögn vakthafandi læknis kom enginn á bráðadeild yfir hátíðarnar. Mikið var skotið upp af flugeldum á miðnætti á gamlárskvöld enda víðraði vel til slíkra verka þegar gamla árið kvaddi.


Bjartsýn á frekari skráningarverkefni

Skráningarverkefnum Bæjar- og héraðsbókasafnsins á Ísafirði og Héraðsskjalasafns Ísafjarðarbæjar lýkur í febrúar, en þau eru fjármöggnuð af ríkinu. Að sögn Jónu Símoníu Bjarnadóttur, forstöðumans

safnsins, hefur verkefnið gengið vel, en unnið er að því að skrá sóknarmannatöl fyrir Þjóðskjalasafnið. Fjórir starfsmenn vinna að verkefningu og hafa þeir nýtt húsnæði leikskólans Bakkaskjólis í

Hnífsdal sem lokað var í vor. Unnið er að því að fá frekara fjármagn fyrir áframhaldandi skjalaflokkun og er Jóna Símonía bjartsýn á að það takist. Þá hefur verið unnið að skráningu og frágangi gam-

alla bæjarskjala í samstarfi við Vinnumálastofnun en því verkefni lýkur einnig í febrúar. Jóna Símonía segir að húsnæðið í Bakkaskjóli henti ágætlega en vinnan fari að mestu fram í tölvum.



Leikskólinn Sólborg.

Sumarlokun í fimm vikur

Fræðslunefnd Ísafjarðarbæjar hefur lagt til að öllum leikskólum Ísafjarðarbæjar verði lokað í fimm vikur í sumar. Þó er lagt til að Eyrarskjól og Sólborg loki ekki samtímis lengur en tvær vikur. Á nefndarfundi fyrir jól var lagt fram minnisblað frá leikskólafulltrúa sveitarfélagsins þar sem fram kom að leikskólarnir Eyrarskjól, Sólborg og Tjarnarbær hafa lokað í fjórar vikur á sumrin en Laufás og Grænigarður í fimm vikur.

„Flestir kennarar skólanna eiga mun fleiri sumarfrisdaga, heldur en lokunin dekkar og hefur oft verið álag í leikskólunum þegar dekkja þarf frí sem tekið er umfram lokun. Afleysingarstaðan hefur varla nægt til að leysa af og því hefur orðið til álag á starfsfólkið. Með því að loka öllum skólunum í fimm vikur samfellt ná kennararnir að taka fleiri sumarfrisdaga og minnkar því álagið á skólann í framhaldi af því,“ segir í fundarbókun.

– thelma@bb.is

Aflaverðmæti skipa HG jókst um 10% milli ára

Aflaverðmæti skipa Hraðfrystihússins-Gunnvarar hf. á árinu 2011 var 3.323 milljónir króna og jókst um 10% á milli ára, að

því er frá greinir á vefsíðu HG. Þar af voru laun og launatengd gjöld kr. 1.263 milljónir eða 38% af aflaverðmæti ársins. Útgerð

skipa félagsins gekk vel á árinu og engar frátafir orðu vegna bilana, en samtals lönduðu skip félagsins 11.511 tonnum á nýliðnu

ári. Aflaverðmæti frystiskipsins Júlíusar Geirmundssonar ÍS var 1.624 milljónir króna þrátt fyrir að hafa verið frá veiðum í mánuð vegna slíptöku þar sem vélar voru teknar upp og skipið málað hátt og lágt. Þetta er 300 milljóna króna aukning frá árinu 2010 þegar aflaverðmæti voru 1.324 milljónir. Samtals landaði Júlíus 4.492 tonnum á árinu. Hann var á makrílveiðum í tvo og hálfan mánuð og gekk sú vinnsla vel.

Aflaverðmæti Páls Pálssonar ÍS var 864 milljónir króna á árinu 2011 sem er 122 milljónum minna samanborið við árið 2010 þegar aflaverðmæti voru 986 milljónir króna. Samtals landaði Páll Pálsson 3.967 tonnum á árinu. Hann stoppaði í tæpar 4 vikur vegna hefðbundinna sumarleyfa

í landvinnslu félagsins. Páll var á makrílveiðum í 3 vikur, makríllinn var góð búbot og skapaði mikilvæg störf á meðan á þeirri vinnslu stóð.

Stefnir ÍS var stopp í 5 vikur á árinu vegna skorts á aflaheimildum. Þrátt fyrir það var aflaverðmæti Stefnis 795 milljónir króna og hefur skipið aldrei skilað eins miklu aflaverðmæti á land. Þetta er 87 milljóna króna aukning frá árinu 2010 þegar aflaverðmæti var 708 milljónir króna, en skipið landaði 2.872 tonnum á árinu 2011. Valur ÍS hóf veiðar á innfjarðarrækju á haustmánuðum og hefur aflað sérstaklega vel. Samtals landaði Valur 180 tonnum og var aflaverðmæti skipsins 40 milljónir króna.

– asta@bb.is

Menntskælingar setja upp Grease

Leikritið Grease hefur orðið fyrir valinu sem næsta Sólrísuleikrit Nemendafélags Menntaskólans á Ísafirði. „Við förum í að velja í hlutverkin strax og skólinn hefst aftur í janúar og þá fer þetta allt á fullt,“ segir Magnús Traustason, formaður Leikfélags Nemendafélags MÍ. Grease er vinsælasti rokk-söngleikur allra tíma. Hann leit fyrst dagsins ljós í litlu leikhúsi í Chicago árið 1971 en best er

hann þekktur í gegnum samnefnda kvikmynd frá árinu 1978 sem gerði leikarana John Travolta og Oliviu Newton-John að stórstjörnum. Uppfærslur á Grease skipta hundruðum um heim allan og hefur söngleikurinn verið þýddur á yfir 20 tungumál.

Magnús segist ekki óttast að erfitt verði að finna fólk í hlutverkin. „Þetta er hæfileikaríkur skóli sem við eigum svo að það verður ekkert vandamál að finna

rétta fólk í hlutverkin sem á eftir að rúlla þessu upp. Þetta verður ábyggilega ögrandi verkefni en örugglega líka mjög skemmtilegt. Ætlunin er að þetta verði stutt og laggóð skemmtun fyrir alla fjölskylduna.“ Sólrísuleikritið er jafnan hápunktur Sólrísuhátíðarinnar sem haldin er ár hvert með hækkandi sól. Að þessu sinni fer hátíðin fram í byrjun mars.

– thelma@bb.is

317 milljónir króna í rekstur grunnskólanna á Vestfjörðum

Ögmundur Jónasson, innanríkisráðherra, hefur samþykkt tilöggu ráðgjafarnefndar Jöfnunar-sjóðs sveitarfélaga um að áætluð heildarúthlutun almennra jöfnunarframlaga til rekstur grunnskóla landsins á árinu 2012 nemi rúmum 5 milljörðum króna. Þar af eru 60 milljónir króna vegna uppgjörs framlaga ársins 2010 þar sem endanlegur álagningarstofn útsvars þess árs liggur nú fyrir. Gert er ráð fyrir að heildarúthlutun til grunnskóla á Vest-

fjörðum muni nema tæpum 317 milljónum króna á næsta ári sem er 104 milljónum króna meira en gert var ráð fyrir í fyrra þegar áætlað var að úthlutunin yrði 213 milljónir króna, en gert er ráð fyrir að úthlutunin hækki í öllum sveitarfélögum á Vestfjörðum miðað við árið 2011 nema í Tálknafjarðarhreppi.

Hæsta úthlutunin á Vestfjörðum verður vegna rekstrar grunnskólanna í Ísafjarðarbæ, eða tæpar 103 milljónir króna. Það er

um 42 milljóna króna hækkun frá 2011 þegar gert var ráð fyrir að úthlutunin yrði rúmar 62 milljónir. Vesturbyggð fær úthlutað 53,4 milljónum króna sem er 17 milljóna króna hækkun frá árinu á undan. Úthlutunin til Bolungarvíkur hækkar um 28 milljónir króna frá árinu 2011 þegar gert var ráð fyrir að úthlutunin yrði 14,2 milljónir króna.

Gert er ráð fyrir að úthlutun til rekstur grunnskóla í Strandabyggð verði 41,4 milljónir króna

sem er rúmum sjö milljónum króna hærri úthlutun en gert var ráð fyrir í fyrra. Úthlutun til grunnskóla í Reykhólahreppi hækkar um 7,3 milljónir króna milli ára þar sem gert er ráð fyrir að úthlutunin verði tæpar 20 milljónir króna árið 2012. Þá hækkar úthlutun til reksturs

grunnskólans í Kaldrananes-hreppi um 2,6 milljónir króna og um rúmar 300 þúsund krónur vegna grunnskólans í Árnes-hreppi. Hins vegar er gert ráð fyrir að úthlutun vegna rekstrar grunnskólans á Tálknafirði lækki um 1,5 milljónir króna og verði 27,7 milljónir á árinu 2012.



Grunnskólinn á Ísafirði.



AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi auglýsir eftir umsóknum

AVS rannsóknasjóður hefur að markmiði að styrkja verkefni, sem stuðla að auknu verðmæti íslensks sjávarfangs og styrkja samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs og fiskeldis.

Sjóðurinn auglýsir nú eftir umsóknum í verkefni með þetta að markmiði.

Skilafrestur umsókna er til kl. 17, 1. febrúar 2012.

Umsóknum ber að skila rafrænt á netfangið avs@avs.is og bréflega á pósthöfn AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi, Háeyri 1, 550 Sauðárkrúkur

Styrkir sem sjóðurinn veitir falla undir þrjú flokka:

a. Styrkir til rannsókn- og þróunarverkefna

Styrkir til afmarkaðra rannsókn- og/eða þróunarverkefna, sem falla að markmiðum sjóðsins. Veittur er styrkur til eins árs í senn og skal í umsókn gera grein fyrir verkþáttum og fjármögnun. Hver styrkur getur numið allt að átta milljónum króna. Hægt er að sækja um styrki til umfangsmeiri verkefna (framhaldsverkefna), sem unnin eru á lengri tíma, eða allt að þremur árum, en sækja þarf um styrk á hverju ári. Hafi verkefnið áður verið styrkt, þarf að gera grein fyrir fullnægjandi framvindu verkefnisins áður en styrkumsókn er afgreidd.

b. Smá- eða forverkefni

Hægt er að sækja um styrki til smærri verkefna eða verkefna til undirbúnings stærri verkefna á sviði rannsókna og/eða þróunar. Styrkupphæð er allt að einni milljón króna og skal verkefninu lokið innan tólf mánaða frá úthlutun.

c. Atvinnuþróun og nýsköpun í sjávarbyggðum

Veittir eru styrkir til verkefna, sem stuðla að nýjum störfum og aukinni verðmætaköpun í sjávarbyggðum. Horft er til ýmissa verkefna, sem geta tengst t.d. framboði á sjávarfangi, ferðapjónustu, nýjum vörum eða þjónustu. Hámarkstími verkefna er 12 mánuðir og hámarksupphæð styrkja er þrjár milljónir króna.

Um alla styrki gildir að framlag sjóðsins má ekki fara fram yfir 50% af heildarkostnaði og sjóðurinn tekur ekki þátt í að styrkja fjárfestingar.

Nánari upplýsingar og umsóknarblað er að finna á heimasíðu sjóðsins www.avs.is.

AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi starfar á vegum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og veitir styrki til rannsókna- og þróunarverkefna sem auka verðmæti sjávarfangs.

AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi · Háeyri 1 · 550 Sauðárkrúkur · sími 453 6161 · www.avs.is



Skútusiglingar kaupa Sjótaxann

Sigurður Bjarni Hjartarson, eigandi ferðapjónustufyrirtækisins Bjarnarnes ehf., í Bolungarvík er hættur farþegaflutningum á Hornstrandir og hefur farþegabátur fyrirtækisins Sjótaxinn (Bjarnarnes ÍS 75) verið seldur til Skútusiglinga ehf., á Ísafirði. Sigurður Bjarni hefur siglt með farþega á Hornstrandir um fimm ára skeið. „Það er með söknuði sem ég kveð þennan vettvang, þetta hafa verið ánægjuleg ár, og ég fengið að kynna skemmti-

legu fólki, innlendu sem erlendu,“ segir Sigurður Bjarni á Facebook síðu fyrirtækisins.

Skútusiglingar ehf. reka fyrirtækið Borea Adventures sem gerir út skútuna Aururu. Bjarnarnes ÍS verður áfram gerður út til farþegaflutninga en með nýjum áherslum. Að því er segir á vefsíðu Bjarnarnes ehf., eru Skútusiglingar ehf., að hasla sér völl í annarri tegund ferðamennsku til viðbótar skútusiglingum.

– asta@bb.is



Frá afhendingu gjafarinnar.

Verktakar styrktu endurhæfingadeildina

Verktakar sem unnu að endurbótum á endurhæfingardeild Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða afhentu aðstandendum deildarinnar veglega peningagjöf föstudaginn 30. desember. „Verktakararnir sem unnu þarna ákváðu að gefa allir 30.000 krónur til styrktar deildinni og svo leituðum við fyrirtækja og tryggingarfélag til að safna hærri upphæð,“ segir Pétur Albert Sigurðsson sem stóð fyrir söfnuninni. Alls söfnuðust

um 600.000 krónur.

Aðspurður segir Pétur Albert það undir endurhæfingardeildinni komið í hvað peningarnir verða nýttir. „Þetta var hugsað til tækjakaupa en aðstandandur deildarinnar geta sjálfir ákveðið hvað þeim vantar helst. Ég hef sjálfur verið í endurhæfingu þarna og því vildi ég borga smá til baka. Allir tóku mjög jákvætt í að styrkja deildina og söfnunin tók mjög stuttan tíma.“



Gleðilega hátíð!

MÓTUM FRAMTÍÐINA

Við óskum starfsfólki okkar, nágrönnum og Íslendingum öllum gleðilegrar jólahátíðar.
Við þökkum árangursríka samvinnu á liðnum árum og hlökkum til að taka þátt í kraftmiklu samstarfi við uppbyggingu atvinnulífs og verðmætasköpun á Íslandi á nýju ári.



NORÐURÁL
CenturyALUMINUM



Mugison maður ársins

Vestfirski tónlistarmaðurinn Örn Elías Guðmundsson, betur þekktur sem Mugison, var valinn maður ársins 2011 af hlustendum Bylgjunnar og Rásar tvö.

Þá var hann valinn Íslendingur ársins af lesendum Pressunar. Hlustendur Rásar tvö sögðu meðal annars að Mugison hefði á árinu stuðlað að samstöðu og samkennd meðal fólks. Þá var fólk ánægt með að hann skyldi halda tónleika fyrir alla landsmenn og þannig sýnt þakklæti í verki. „Þetta gleður mig mikið, óvænt og skemmtilegt,“ sagði Mugison í samtali við ruv.is.

Hann segist ekki vita hvers vegna hann hafi orðið fyrir valinu. „Kannski er það lagið mitt „Stingum af“, sem hefur snert einhvern streng. Maður bara setur loftnetið upp og gerir sitt besta.“

asta@bb.is



Fjölmargir létu snjókomu og kulda ekki aftra sér og sóttu áramótabrennu Ísafirðinga á Hauganesi við Skutulsfjörð á gamlárskvöld. Voru brennugestir þó heldur færri en vanalega. Að þessu sinni var það fyrirtækið Kubbur á Ísafirði sem stóð fyrir brennunni sem og öllum brennum í Ísafjarðarbæ. Björgunarsveitir á svæðinu sáu þó, líkt og fyrri ár, um framkvæmd brennanna. Er leið á brennuna stóð Björgunarfélag Ísafjarðar fyrir flugeldasýningu eins og venja er fyrir.

Fjárhagsstaða Náttúrustofunnar slæm

Fjárhagsstaða Náttúrustofu Vestfjarða er slæm og stofan í mikilli skuld vegna niðurskurðar á fjárfraðslögum síðastliðin ár. Að sögn dr. Þorleifs Eiríkssonar, forstöðumanns Náttúrustofu Vestfjarða, mun það sjást á næstu ársreikningum hve skuldastaðan er slæm. „Við höfum þolað illa þann niðurskurð sem á okkur hefur dunið síðastliðin ár. En við erum að vinna okkur út úr þessu og höfum getað gert það án þess að þurfa að segja upp föstu

starfsfólki. Tapið var stórt í fyrria og verður stórt í ár vegna þess að við höfum þurft að klára og ganga frá verkefnum sem við vorum byrjuð á áður en fjármagnið var skorið niður. Fjármagnið varð af þeim sökum minna en við gerðum ráð fyrir þegar við fórum af stað og því höfum við þurft að fjármagna verkefnið með lánum, en við erum að vinna þessa skuldastöðu niður núna,“ segir Þorleifur.

Náttúrustofa Vestfjarða er eign

sveitarfélaganna á Vestfjörðum, borguð af ríkinu og rekin með sjálfseignarfé. Að sögn Þorleifs var rekstur Náttúrustofunnar um 60 milljónir í fyrria en var um 90 milljónir árið þar á undan. Framlög úr ríkissjóði hafa minnk- að mikið á árunum eftir hrun, t.d. voru heildarframlög frá ríkinu 35 milljónir árið 2009. Grunnframlagið var 26 milljónir en auk þess fékk Náttúrustofa sérstaka fjárveitingu vegna rannsóknverkefna eða níu milljónir en sú fjár-

veiting var færð inn í heildarframlagið þegar reglum fjárlaganefndar um sérstakar fjárveitingar var breytt. Heildarframlagið til Náttúrustofu á fjárlögum fyrir árið 2012 verður hins vegar 23,9 milljónir. „Það er út af þessum niðurskurði sem við erum í miklum vandræðum. Verkefnastaða okkar er þó í lagi í bili. Verið er að sækja um sjóði en ef við fáum það þá ekki þá gætum við verið í vöndum málum,“ segir dr. Þorleifur Eiríksson. – *asta@bb.is*

Ritstjórnargrein

Spurningin

Hvernig leggst árið 2012 í þig?

Alls svöruðu 432. Vel sögðu 335 eða 78% Illa sögðu 97 eða 22%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Hvöss sunnan- og suðaustanátt með rigningu eða slyddu, en snjócoma NA-til. Hiti víða 1-6 stig.

Horfur á laugar-dag:

Breytileg átt, víða skúrir eða slydduél og kólnar heldur í bili.

Horfur á sunnudag:

Útlit fyrir suðlæga átt með milt og vætusamt veður.

Hvers er að minnast?

Hvers er að minnast þegar árið 2011 er kvatt, þriðja árið eftir hrun, svo vitnað sé til tímamóta sem áreiðanlega eiga lengi eftir að vera útgangspunktur í umfjöllun um afkomu þjóðarheildarinnar og/eða einstakra þjóðfélags hópa, að minnsta kosti á meðan svart/hvít afstaða markar viðhorfin í jafn ríkum mæli og viðgengist hefur. Svart/hvít skipting þingheims í stjórn/stjórnarandstaða, þar sem allt er ómögulegt, sem ekki er dregið upp úr rétttri pólitískri skjóðu, er dapurlegt vitni um stofnun, sem nauðsynlegt er að þjóðin geti borið virðingu fyrir.

Að fortíð skal hyggja þá framtíð skal byggja. Þetta viðhorf boðar fyrst og síðast lærdóm: til að greina á milli þess sem miður hefur tekist og þess sem vel var gert. Stanslaust rifrildi um hverjum sé um að kenna eða þakka, skilar engu. Engum skyldi þó til hugar koma að með þessum orðum sé ýjað að því að allt sem ekki er bannað með lögum, sé þar með leyfilegt, þótt síðlaust sé. Að umgangast frelsið með þeim hætti er skrumskæling á helgasta rétti einstaklingsins, frelsinu. Í umræðunni um nýja stjórnarskrá hefur réttilega verið bent á, að tilgangslaut sé að setja lög, ef við ætlum okkur ekki að fara eftir þeim. Slíkt er dapurlegt fordæmi þeim til handa, sem erfa eiga landið. Hvernig sem stjórnarskráin er úr garði gerð, verður þar ekki kveðið á um alla skapaða hluti. Virðingar er átakanlega vant á mörgum sviðum: fyrir ríkjandi lögum, í samskiptum manna, viðskiptum, umgengni um láð og lög.

Gangi allt eftir mun fiskeldi verða umfangsmikil atvinnugrein á Vestfjörðum. Eftir sem áður eiga Vestfirðingar rétt til aukinnar hlutdeildar á ný í auðlindum hafnsins úti fyrir bæjardryrum þeirra. En þótt fram hjá því verði ekki horft að veiðar og vinnsla sjávarfangs verði áfram ein helsta undirstaða vestfirskra byggðarlaga, er fjölbreytni í atvinnutækifærum forsenda byltingar, sem augljóslega er þörf fyrir á Vestfjörðum. Einhæfni í atvinnu er yfirliggjandi vandamál. Sem betur fer betur fer hafa vestfirsk fyrirtæki náð að hasla sér völl á öðrum sviðum, þrátt fyrir erfiðar aðstæður. Og mörgu hefur verið ýtt úr vör, sem bundnar eru vonir við. Það munar um hvert lóð- ið sem lagt er á vogarskálina.

Vestfirskar sveitarstjórnir þurfa að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að hlúa að nýgræðingum í atvinnurekstri. Gleymum ekki hinu fornkeðna, að erfiðara er að gæta fengis fjár, en afla þess. Hlú- um að því sem við þegar höfum.

Forsenda þess að Vestfirðir nái á ný fyrri stöðu er órofa samstaða íbúanna.

Bæjarins besta sendir Vestfirðingum, sem og landsmönnum öllum, bestu óskir um farsæld á nýju ári og þakkar samfylgd og viðskipti á síðasta ári.

s.h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólguðu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is. Blaðamenn: Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is. Ásta María Sverrisdóttir, sími 824 0644, asta@bb.is. Ritstjóri netútgáfu bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson. Ljósmyndari: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is. Abyrgðarmenn: Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. Önnur útgáfa: Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. ISSN 1670 - 021X

Torveldar og seinkar framkvæmdum

Skipulagsstofnun felst ekki á að breytingartillaga Súðavíkurbæjar vegna landnotkunar í Heydal og í Hestfirði í Ísafjarðardjúpi flokkist sem óveruleg og fellur hún því ekki undir svokallaða skemmri skír sem felur í sér styttra ferli hjá stofnuninni. Skipulagsstofnun segir að tillagan marki stefnu um breytta landnotkun sem muni hafa áhrif á stóru svæði í Hestfirði og umfangsmeiri starfsemi í Heydal, sem kunnir að varða aðra hagsmunaaðila og því þurfi tillagan að fá viðeigandi kyn-

ingu og málsmeðferð.

Breytingartillagan gerir ráð fyrir nýju 10 hektara verslunar- og þjónustusvæði við bæinn Heydal sem ætlað er undir ferðapjónustu. Þar er gert ráð fyrir allt að 1.500 m² móttöku- og þjónustuaðstöðu fyrir ferðamenn með alhliða gistingualeikum, tjaldsvæði, frístundahúsum og annarri viðeigandi starfsemi. Að Hesti í Hestfirði er gert ráð fyrir blönduðu svæði fyrir frístundabyggð fyrir 10-15 hús og skógræktarsvæði sem samanlagt taka til 77

hektara svæðis sem fyrir breytingu var óbyggt svæði og landbúnaðarsvæði. Á jörðinni Hlíð í Álftafirði er gert ráð fyrir að núverandi svæði fyrir frístundabyggð og skógrækt stækki um 15 hektara og færist um 130 metra til norðurs. Alls verður svæðið um 80 hektarar að stærð.

Sveitarstjórn Súðavíkur undrast afstöðu Skipulagsstofnunar þar sem farið hafði verið yfir málið með starfsmönnum stofnunarinnar sem leiðbeindu sveitarfélaginu til að sækja um sam-

þykki á styttri málsmeðferð. Að sögn Ómars Mús Jónssonar, sveitarstjóra var búið að fá viljrði fyrir því að skipulagið félli undir undir styttri málsmeðferð. „Þetta er bæði að torvelða og seinka framkvæmdum fyrir okkur og hlutaðeigandi aðilum. Við höfum leitast við að vinna að þessu í samvinnu við Skipulagsstofnun en við fáum svo misvísandi skilaboð. Við vorum búin að fá staðfestingu frá Skipulagsstofnun þess efnis að það væri skynsamlegt að horfa svona á málin en

síðan hafa þeir breytt afstöðu sinni þó að við höfum ekki breytt neinu.“

Ómar Már segir að búið sé að kynna breytingarnar fyrir öllum hlutaðeigandi aðilum án þess að nokkur hafi gert athugasemdir við skipulagið. „Skipulagsstofnun telur þetta þó ekki nóg og að við verðum að kynna þetta með öllum þeim fyrirvörum og með öllum þeim tímafrestum sem þörf er á. Þess vegna verðum við því að fara í nákvæmlega sama ferlið aftur,“ segir Ómar.

Vilja koma á fót listamiðstöð

Stöllumur Guðrún Stella Gissurardóttir og Soffía Vagnsdóttir voru á meðal styrkþega er Bolungarvíkurkaupstaður úthlutaði menningarstýrkjum þann 19. desember síðastliðinn. Fengu þær styrk fyrir verkefni „Kveikjan“ og „Þuríður sundafyllir“ sem þær vinna saman að. Að sögn Guðrúnar Stellu er „Kveikjan“ hugsuð sem listamiðstöð, áþekkt Listakaupstað sem komið hefur verið á fót á Ísafirði, en þar samnýta listamenn húsnaði undir vinnu-

stofur. „Hugmyndin er að fólk geti komið saman og haft aðstöðu og vettvang til að vinna að listsköpun sinni,“ segir Guðrún Stella.

Hún segir að nú þegar sé listasmíðja í Bolungarvík þar sem eingöngu er unnið með gler. Þeim stöllum langar til að byggja á þeim grunni og útvíkka hugmyndina enn frekar. Einnig fengu þær stöllum styrk fyrir verkefnið „Þuríður sundafyllir“ en þær vilja gera söguna um þá merku konu aðgengilegri fyrir yngstu

kynslóðina. Þuríður sundafyllir var landnámsmaður í Bolungarvík sem bjó á Vatnsnesi í Syðri-dal. Talið er að hún hafi komið til landsins um 940, en hún og föruneyti hennar námu Bolungarvík alla sem og Skálavík.

„Við verðum þó að skoða hvort og hvernig við getum haldið áfram með þessu verkefni með tilliti til þessara styrkja en þeir eru töluvert lægri en við sóttum um í upphafi. Við verðum að skoða framhaldið í því sam-

hengi,“ segir Guðrún Stella, en fyrir Kveikjuna fengu þær 50 þúsund krónur og fyrir 75 þúsund krónur fyrir Þuríði sundafylli. „Það er erfitt að fara stað án opinbera styrkja því fólk hefur ekki mikla burði til að leggja eigið fé í menningarstarfsemi, þótt það sé tilbúið að leggja mikla vinnu þá er það alltaf þessi útlagði kostnaður sem gjarnan verður Þrándur í götu fyrir framhaldið,“ segir Guðrún Stella.

– asta@bb.is



Tjaldsvæðið í Tungudal.

Reksturinn boðinn út

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að heimila sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs að óska eftir tilboðum í rekstur tjaldsvæðisins í Tungudal í Skutulsfirði. Tjaldsvæðið var rekið af starfsfólki íþróttahússins á Ísafirði í sumar en ljóst er að ekki verður lengur hægt að samnýta starfsfólk á milli staða. Heppilegast er því talið að bjóða reksturinn út til eins árs og hugsanlega með framlengingarákvæði til þriggja ára.

Gestum fækkaði um 20% á tjaldsvæðinu í Tungudal í sumar miðað við sumarið 2010. Fækkunina má að mestu rekja til þess að færri íslenskir ferðamenn voru á faraldsfæti. Á tjaldsvæðið í Tungudal komu 5.519 ferðamenn í sumar samanborið við 6.860 í fyrra. Gestum í Tungudal fjölgaði mjög á árunum 2008 til 2010, en sumarið 2009 voru þeir 4.945 og 2.418 árið 2008.

Flestir gestanna í Tungudal í sumar komu í júlí eða 3.735 en færstur voru þeir í júní eða 697. Í ágúst voru gestirnir 1.087 talsins. Þrátt fyrir fækkun gesta jukust tekjur af tjaldsvæðinu í Tungudal um rúmar 104 þúsund krónur milli ára.

– thelma@bb.is



Byggðasafn Vestfjarða í Neðstakaupstað á Ísafirði.

Fleiri gestir sækja söfnin

Áætluð aðsókn að söfnum og tengdri starfsemi á Vestfjörðum á síðasta ári var ríflega 46.600 gestir. Er það töluverð aukning frá fyrra ári þegar þeir voru tæplega 44.300 talsins. Einnig fjölgaði sýningarstöðum milli ára eða úr fjórtán árið 2009 í sextán í fyrra. Þetta kemur fram tölum Hagstofunnar. 10.600 gestir heim sóttu Byggðasafn Vestfjarða, 26.400 sögumínjasöfn í fjórðungnum, 5.000 manns listasöfn og tæplega náttúrusöfn. Ef litnið er á landið í heild var áætluð

aðsókn að söfnum og tengdri starfsemi á árinu 2010 var ríflega 1,6 milljón gesta og nema því gestir á Vestfjörðum 3% af heildartölunni.

Lætur nærri að heildarfjöldi safngesta hafi tvöfaldast frá árinu 1995, er þeir voru 829 þúsund. Aðsókn að söfnum og skyldri starfsemi er langsamlega mest á höfuðborgarsvæði, eða um 950 þúsund gestir, sem samsvarar um 59 prósent af fjölda gesta safna á síðasta ári. Aðsókn að söfnum og sýningum í öðrum landshlut-

um er mun minni.

Sýningargestir árið 2010 voru flestir að sögumínjasöfnum ýmis konar (að byggðasöfnum undanskildum), eða ríflega hálf milljón. Aðsókn að listasöfnum var litlu minni, eða 457 þúsund. Aðsókn að öðrum söfnum og sýningum var umtalsvert minni.

Frá aldamótum hefur gestum safna og skyldrar starfsemi fjölgað jafnt og þétt eftir að hafa staðið að miklu leyti í stað á seinni hluta síðasta áratugar 20. aldar. Svipuðu máli gegnir um

fjöldi safna og sýningarstaða. Ætla má að aukin aðsókn gesta að söfnum og skyldri starfsemi standi í beinu sambandi við auknið framboð sýningarstaða, aukna fjölbreytni sýninga og almennt fjölbreyttari starfsemi safna, sem og stórauknum ferðamannastraumi til og um landið.

Tölur Hagstofunnar um starfsemi safna og skyldrar starfsemi taka til safna, setra, safnvísa, fiskasafna, dýragarða og grasagarða, sem og skyldra sýninga opnum almenningi. – thelma@bb.is

Barði Öundurson titlar sig „gröfumadur“ í símaskrá en líklega ætti „dellukarl“ alveg eins við. Blaðamaður BB settist niður með Barða á heimili hans á Hafrafelli, borðaði önfirskar hveitikökur og fékk að heyra af fjallaklúbbum, hljómsveitinni, matarklúbbum, skotfélaginu og fleiri skemmtilegum dællum.

Rimlar fyrir gluggum

„Ég er fæddur Önfirðingur og yngstur af þremur bræðrum. Mamma var úr Breiðafjarðareyjnum en pabbi úr Öundurfirði. Það var gott að alast upp á Flateyri og þetta var áhyggjulaus æska. Ef maður datt í sjóinn var manni bara bjargað. Einhvern tíma vorum við að skylmast í víkingaleik þegar slegið var í hendina á einum svo hann fékk skrámu. Þá fór strollan til læknisins og við fylgdum allir með inn á stofu. Vinurinn var saumaður á meðan við fengum nammi en svo var bara farið út að slást aftur,“ segir Barði og hlær.

„Á þessum tíma bjuggu örugglega rúmlega 500 manns á Flateyri og þar var bakarí, kaupfélag, hljómplötu- og gjafavörubúð, pabbi Eiríks Finns rak Verslun Greips Guðfinnssonar og mamma hans rak hannyrðabúð. Svo var Allabúð og Einar Hafberg og vídeoleiga. Þetta er breytt. Reyndar hefur þessum smábúðum fækkað í Reykjavík líka og vídeoleigur eiga alveg undir högg að sækja þar. Nú fer fólk bara á torrent.

Fólk kom mikið á vertíð, jafnvel frá Suður-Afríku. Sumt fór og annað ekki. En það vantaði alltaf fólk í vinnu. Nú er mikið af Pólverjum og Tælendingum og Skotarnir eru að koma hingað í sláturhúsin. En erlent vinnuafli er ekki nýtt fyrirbæri á Íslandi.“

Barði kláraði grunnskólann á Flateyri og fór svo á Núp. „Það var fullt af misþægu fólki í skólanum. Sumt af liðinu var gjör-samlega gaga. En til að geta lifað í svona samfélagi verðurðu að spila aðeins með. Menn voru kannski alveg total þegar þeir mættu á haustin en farnir að rekast í hjörðinni á vorin. Þetta var á köflum villt líf og það segir margt að það voru rimlar fyrir gluggum. Ég var tvo vetur þarna og það var bara gaman.“

Að taka gröf

Eftir Núp fluttist Barði á Ísafjörð. „Þar fór ég fyrst að vinna hjá Rörverk og svo fyrir Guðmund Þórðarson en síðan gerðist ég gröfukall, 18 ára að ég held. Þetta er fjölbreytt starf og misjafnt hvað dagurinn ber í skauti sér. Stundum þarf að taka gröf og stundum að fara upp á heiðar að bjarga fólki. Ég hef meira að segja farið út á Galtarvita á gröfu. Ég hef líka lent í því sama daginn

að grafa bæði hross og mann.“

– Er einkennilegt að taka gröf? „Nei, nei, helst ef ekki er mælt rétt fyrir gröfinni og það byrjar að koma spærir með moldinni. Það kemur stundum fyrir, smá spærir. Þá veit maður að það er einhver þarna og færir sig bara,“ svarar Barði og glottir.

– Veistu hvað þú ert að fara að gera á morgun? „Já, að moka snjó. Ég moka fyrir mörg fyrirtæki í bænum. Annars er enginn snjór núna miðað við hvernig þetta getur orðið. Einu sinni bjó ég í Aðalstræti 15 og var eitt skipti tvo tíma upp í Félagsbakarí þrátt fyrir að vera á gröfu með keðjum og fjórhjóladrifi. Þaðan var ég svo í einn og hálfan tíma niður á bryggju. Þá var snjór. Þetta var á árunum '89 til '91. Mér finnst snjórin alltaf fara minnkandi. Og veðrin geysa ekki ekki nema í tvo daga núna. Áður gerði 4-5 daga veður. Ég man ekki eftir að hafa verið veðurtepptur nýlega.“

„Skotjeppa-útvistarfrík“

Barði er þekktur fyrir að vera fjallamaður og dellukarl líkt og eldri bræður hans, Úlli og Palli. „Ég er formaður Vestfjarðadeildar 4X4 og hef verið í skotfélaginu lengi, var í stjórn þess um tíma. Maður er svona skotjeppaútvistarfrík. Ég er líka í félagi sem heitir Fjallakallar og við eigum hús inni í Djúpi, við Fremra-Selvatn, á milli Mjóafjarðar og Ísafjarðar. Við byggðum hluta af því og komum keyrandi með nokkra parta. Reyndar byggðum við það allt í vitlausri röð, í L og settum sperrurnar ofan á, hengdum vegginn í og steiptum gólfið síðast. En þarna er góð aðstaða og heitur pottur með baðhúsi. Það er jarðhiti á svæðinu, 38-39 gráðu heitt vatn en ekkert rafmagn. Því er ansi notalegt að halla sér aftur í pottinum og telja gervitunglin á himninum,“ segir Barði.

„Fjallakallar er ótrúlega vel samsettur hópur og getur því drukkið saman brennivín án þess að slást. Hvatin að þessu hjá okkur var að einhverntíma þegar 4X4 klúbburinn ætlaði að byggja sér hús náðist ekki samkomulag um það. Þá fórum við bara í þetta nokkrir félagar. Keyrðum um hálandið í leit að heitu vatni, ákváðum svo að byggja þar og lögðum meira að segja langan veg að húsinu.“

Tók sínar sex

Fór fyrrverandi stjórnarmaður skotfélagsins á skytteri í vetur? „Já, ég fór á rjúpu og tók mínar sex,“ svarar Barði og glottir. „Ég lærði nefnilega trix af gömlum veiðimanni. Þegar menn fara á rjúpu eru þeir auðvitað að labba sig alveg rennsveitta. En málið er að vera kominn á veiðislóð

fyrir birtingu. Setjast niður, fá sér kaffisopa og fylgjast með þegar birtir. Þá færir fuglinn sig alltaf úr náttstað og ef maður er mættur sér maður hvar hann heldur sig, en annars ræðst þetta bara af því úr hvaða átt snjóaði síðast. Það er náttúrulega hægt að veiða hér allt í kring og í sjálfu sér þarf maður ekki að fara lengra en upp á skíðasvæði. En þetta er spurning um að horfa því rjúpan leynist á ótrúlegustu stöðum. En hún étur ekki steina og hún þarf að komast í vatn, þetta snýst um aðstaður.“

Hvað finnst þér um stytta rjúpnaveiðitíma? „Kunningi minn sagði nú að best væri bara að veiða rjúpur í febrúar, þá væru þær svo spakar. En neinei, mér finnst þetta bjóða upp á ákveðna hættu. Það er mikill hasar á stuttum tíma. Og ef viðrar ekki vel verða menn alveg svakalega grimmir. Fara þótt það sé vont veður og í myrkur, lenda svo í veseni. Ég held að það væri allt í lagi að lengja tímabilið aðeins, þá í fremri endann.“

Þótt Barði sé ekki lengur í stjórn skotfélagsins tekur hann enn þátt í starfinu. „Ég held að það séu um hundrað manns í skotfélaginu í dag. Við erum með aðstöðu á Dagverðardal, turna og kastara með fjarstýringu, flottar græjur. Menn geta farið og verið með mark á 200 til 400 metrum. Til dæmis fór ég á nám-skeið hjá einhverjum karli sem kom hingað til að kenna fólki að fara með haglabyssu. Þú átt ekki að miða með haglabyssu heldur bregða henni rétt. Svona er hægt að læra á æfingarsvæðinu hérna.“

Fórstu á gæs? „Nei, mér fannst ekki of mikið af henni í haust og ákvað að láta það eiga sig. En ég fer á svartfugl í vor. Tek eina bátsferð á Djúpinu og næ mér í 10-20 fugla.“

Stokkað aftur

Fyrir ekki alls löngu komst Barði í hann krappann. „Við vorum í ferð með matarklúbbum og að fara að veiða í Fremra-Selvatni, við hús Fjallakallanna. Það getur gert svolítið sérstaka öldu þarna og ég var með fullan bát af konum. Allt í einu kemur þessi bára undir bátinn svo hann stingst bara í vatnið. Konurnar náðu sem betur fer að komast strax að landi en ég ætlaði eitthvað að reyna að tjónka við bátinn. En af því að það var svo mikill vindur og alda verkaðist þetta einhvernvegin þannig að ég missti af nesinu þar sem konurnar höfðu farið í land og þurfti þá að koma mér talsvert lengri leið í land. Það var fjandi kalt og ég gleypiti eitthvað vatn svo þetta stóð tæpt í lokin. Félagar mínir drösluðu mér á land en þá var ég svo kaldur að það var hringt á þyrlu. Þeir hjá Gæslunni komu fljótlega og fluttu mig á sjúkrahúsið á Ísafirði.



„Þú getur“

Það er aðáunarvert hvað þeir eru snarir og flottir hjá Gæslunni, enda Önfirðingur sem stjórnar þeim. Ég var kominn aftur til vinnu eftir þrjá daga og fór svo út á bát hálfum mánuði síðar, þá í Djúpið,“ segir Barði.

„En svona reynsla blundar í manni og maður fer í ákveðið endurmat. Stokkar og gefur aftur. Að einhverju leyti er því kannski hollt að lenda í lífsháska. Menn eiga svo oft við ákveðinn tjakkvandráði að stríða.“

– Tjakkvandráði?

Og Barði segir brandarann um tjakkinn. „Það var maður að keyra úti í sveit þegar sprakk á bílnum hjá honum. Hann gáir aftan í bílinn og sér að hann er með varadekk en engan tjakk. Hann lítur í kringum sig og sér ljós á bóndabæ langt í burtu. Það er myrkur en hann gengur af stað. Svo er hann búinn að labba í

svolitla stund þegar hann hugsar með sér „Já, ég fæ lánaðan tjakk hjá bóndanum. Bændurnir eiga allt.“ Hann heldur áfram og gengur töluvert lengur. Segir svo við sjálfan sig: „Ég þarf nú örugglega að leggja visakortið mitt í pant, þeir eru nú fastheldnir menn, bændurnir. Svo röflar hann eitthvað við sjálfan sig á leiðinni. Hann kemur að bænum og bankar upp á en þá er matartími. Þegar bóndinn kemur loks til dyra stendur alveg trítillóður maður á planinu og öskrar á hann: „Þú getur tekið þennan helvíttis tjakk og troðið honum upp í rassgatið á þér!“

Þetta köllum við tjakkvandráði. Þegar liggur illa á félögum mínum segi ég stundum við þá að þeir geti tekið þennan tjakk og...“ segir Barði og brosir.

Sokkið auga betra



tekið þennan tjakk og ...“

Fljótlega færist enn einn félagsskapur Barða í tal. „Já, ég er líka í veiðifélaginu MÖR. Það nafn hefur ekkert með vaxtarlag að gera heldur bara það að okkur gekk svo illa fyrstu árin. Nafnið er því stytting á Með öngulinn í rassinum. Þú getur ímyndað þér hvað er leiðinlegt hjá okkur þegar við erum að veiða. Við höfum aðallega verið inn í Langadal í Djúpinu en þar er komin fín aðstaða og flottur lax í ánni. Ég hef líka veitt lax í Hestánni og svo er flottur urriði í Fremra-Selvatni.“

Auðvitað er Barði líka í matar-klúbbi. „Það skrifnasta sem við höfum borðað eru sennilega kanínurnar sem ég var með hérna úti í garðinum. Ég var í heilan dag að skjóta þær þannig að kjötið skemmdist ekki. Fyrirkomulagið á klúbbum er þannig að konurnar gera ekkert, bara mæta. Við karlarnir sjáum um eldamensk-

una, komum saman um þrjú leytið og byrjum að undirbúa.“

- Ertu góður kokkur?

„Já, ég held ég megi segja það. Og ég ét nánast allt enda alinn upp við það að sviðin séu ekki orðin æt fyrir en augað er sokkið. Reyndar hikstaði ég aðeins þegar ég fór í hádegismat til Gumma Jakk í Þernuvík með Konna Eggerts. Á borðum var mjög sigrin ýsa, nýjar kartöflur, hnoðmör og mikið af selspiki. Ég varð að fara varlega í selspikið.“

Haltur leiðir blindan

Barði hefur einnig starfað með björgunarsveitinni Tindum í Hnífsdal. „Ég svona fylgist með og hjálpa til. Þegar ég mætti til starfa var til einn slöngubátur og skotlínutæki en núna er til fullur dótakassi. Þetta eru mjög duglegir strákar, þeir reka félags-

heimilið í Hnífsdal og við höfum rífið hús og fleira í fjáröflun. Við eigum mjög mikið af hæfum og duglegum mönnum þarna út frá. Núna á björgunarsveitin þrjá stóra báta, einn mjög stóran jeppa, Econoline fólksflutningabíl og þrjá snjósleða. Og þetta eru mennirnir sem eru á ferðinni þegar enginn annar vill það.“

Síminn hringir og Barði segist verða kominn eftir 45 mínútur til að stilla upp. Hann er nefnilega líka í hljómsveit. „Ég er trommari í hljómsveitinni Haltur leiðir blindan. Hinir eru Hlynur Snorrason, Gummi Ásgeir og Sigurður Gunnarsson. Við erum nú aðallega að leika okkur og æfum í skúrnum hjá rannsóknarlög-reglufulltrúanum. En við spilum líka stundum á böllum. Hér áður fyrir spilaði ég meira, kannski frá fimmtudegi til sunnudags, hér og hvar á Vestfjörðum. Ég spilaði

meira að segja með hljómsveitinni Dolby á Skeljavíkurhátíðinni.“

- Hverjir eru þínir menn í tónlist? „Mér finnst AC/DC ógeðslega góð, Meatloaf, Santana, Billy Joel og fleiri. Annars spilum við mest þessi íslensku lög. Hendum kannski inn einu Meatloaf lagi á böllum til að rífa upp stemmninguna.“

Gott á Hafrafelli

Barði og fjölskylda hafa búið á Hafrafelli síðan 1991 en stækkuðu húsið um helming fyrir 7 árum. „Við keyptum af Jónasi Eyjólfssyni sem var lögregluþjónn hérna. Það hafði gert brjálað veður svo einn útveggur hafði fokið af skemmuni hér við hliðina og ég kom til að grafa fyrir nýjum vegg. Jónas var nýbúinn að standsetja hérna fyrir

ferðþjónustu en vildi losna. Mér leist hinsvegar strax svona ofboðslega vel á mig hér. Úr varð að ég skipti við hann á íbúð sem ég átti niður í bæ.

Gunnar og Ebenezar voru hér á sínum tíma og Hafrafell átti nánast allt Holtahverfið. Hér var líka einu sinni svínabú og beljur. Það er til góð vísa um Hafrafell. Hún er eftir Dóra á Hafrafelli, við myndum kalla hann einstakan í dag. Hann var að fara fermast og átti að læra í upphafi skapaði guð himinn og jörð. En þegar honum var hlýtt yfir á hann að hafa sagt: „Í upphafi skapaði guð himinn og jörð, Akureyri og Ísafjörð, myrkur yfir Djúpinu, og ljós í glugganum heima hjá ömmu á Hafrafelli.“ Mér er sagt að presturinn hafi fermt hann fyrir vísuna,“ segir Barði og hlær.

„En það er einstakt útsýni hérna. Maður kemur heim eftir langan

Aðhaldsspá MÍ fyrir næsta ár sýnir um 33 milljóna króna halla



dag, sest við gluggann og horfir á fuglana. Svo þegar fer að halla á sumarið sér maður hvar laxinn og silungurinn koma inn. Það er gott að búa í Eyrarhreppi hinum forna.“

Made in sveitin

Aðspurður um jólahald og hefðir, svarar Barði: „Við í fjölskyldunni komum alltaf saman og bökum hveitikökur. Það er eitthvað svona made in sveitin. Mamma bakaði alltaf hveitikökur. Stórfjölskyldan mætir og svo hnoða allir, við bökum örugglega um 20 kíló eða 600 kökur. Kökurnar voru formaðar eftir disk, en nú höfum við þær minni, málið er að hafa þær temmlega stórar til að þær komist í brauðrist. Þær eru rosalega góðar með hangikjöti. Þegar maður er nývaknaður með koddaverið í andlitinu er þetta alveg steisjón.“

En jólin hjá mér ráðast oft af því hvað er mikill snjór. Maður hefur lent í því að koma heim um fjögur á aðfangadag. Á aðfangadagskvöld höfum við rjúpu og fleira í forrétt og svínakjöt í aðalrétt. Á jóladag er hangikjöt en annar í jolum er ísskápsdagur,“ segir Barði og glottir.

- Hvernig verða áramótin? „Ákaflega hávaðasöm, takk. Maður reynir að sprengja skemmtilega mikið. Þetta er fínt tækifæri til að styrkja björgunarsveitirnar. Það er líka gott að skjóta á Hafræfelli, hér á maður sínar bombur einn.“

Barði segist aldrei strengja áramótaheit en hvernig ætlan hann að hafa næsta ár? „Það leggst vel í mig og verður bara ýkt kúl og æðislegt. Maður fer örugglega í einhverjar 4X4 ferðir og reynir kannski að vinna eitthvað. Fólk á að lifa lífinu lifandi. Það verður enginn gamall af því að leika sér,“ segir hinn hressi Barði Öndarson að lokum.

- Huldur Breiðfjörð.

Allt bendir til að rekstur Menntaskólans á Ísafirði verði nálægt því sem fjárheimildir leyfa og eins og stefnt var að við fjárhagsáætlun fyrir ári. Þetta hefur náðst þrátt fyrir 6,5% niðurskurð á árinu. Í fjárlögum fyrir árið 2012 er gert ráð fyrir enn meiri niðurskurði á fjárheimildum til skólans eða rúmum 12%. Aðhaldsspá fyrir árið 2012 í rekstraráætlun skólans sýnir um 33 milljóna króna halla miðað við fjárlagafrumvarp 2012 sem leiðir til 21 milljóna króna uppsafnaðs halla í lok næsta árs. Þetta kom fram í skýrslu Jóns Reynis Sigurvinssonar, skólameistara MÍ, sem hann flutti við jólaútskrift skólans.

„Menntaskólanum á Ísafirði ber skylda til þess að taka við öllum nemendum af norðanverðum Vestfjörðum og veita þeim nám og aðstoð við hæfi, líka þeim sem þurfa mikinn stuðning og aðstoð. Þetta er vitaskuld dýrara en að safna saman nemendum með líkar þarfir. Áætlaður rekstur starfsbrauta er umtalsvert meiri en gert var ráð fyrir í fjárheimildum 2011. Í frumvarpi að fjár-

lögum 2012 er ekki hægt að sjá að gert sé ráð fyrir rekstri starfsbrauta og heimildir þar að lútandi því óljósar. Í þessu felst dulbúinn niðurskurður,“ benti skólameistari á.

Í skýrslunni kemur fram að fjárheimildir til skólans hafa lækkað um 24% að raungildi frá 2007. Stöðugildi hafa verið skörin niður um 20% frá sama tíma. Í fjárheimildum til framhaldsskóla er ekki reiknað með ýmsum kostnaði sem getur fallið til eins og veikindaföll, lækkan kennsluskyldu með hækkanði lífaldri og leigu á íþróttahúsi. Þá fá skólar oft ekki bættan að fullu þann kostnað sem hlýst af rekstri starfsbrauta. „Á þessu ári og því næsta er óbættur kostnaður um 42 milljónir króna og ljóst er af fundum með fulltrúum ráðuneytisins að einungis hluti hans fæst bættur,“ segir Jón Reynir.

„Samfélagið hér þarfnast þess að hér verði áfram öflugur framhaldsskóli sem mætir nú þörfum nær allra nemenda úr nágrenni hans. Naumhyggja fjárheimilda mun leiða til fábreyttara námsframboðs og þá mun skólinn að-

eins getað innritað hluta nemenda sem útskrifast af grunnskólum á svæðinu. Ungt fólk myndi þá neyðast til að sækja annað til að fá nám við hæfi í miklum mæli sem svo myndi leiða skólann í vitahring niðurskurðar með enn frekari fækkun nemenda. Þetta myndi síðan leiða til þess að íbúum svæðisins myndi fækka enn frekar og er ekki á það bætandi,“ segir Jón Reynir.

Hann segir að hlutverk skólans sé bundið í lögum þar sem tekið er mið af margþættum þörfum nemenda. „Í fámennu samfélagi sem býr við landfræðilega einangrun er mikilvægt að hlutverk skólans taki einnig mið af þörfum samfélagsins. Menntaskólinn á Ísafirði er eini framhaldsskólinn á Vestfjörðum og það er skólanum því kappsmál að geta boðið upp á gott og fjölbreytt nám. Skólinn verður að fylgja lögum og fyrst og fremst fjárlögum. Svo virðist sem skilaboðin með svo freklegum niðurskurði og auknum álögum séu þau, að stjórnendur eigi skera niður í rekstri skólans með því að sniðganga lög að eigin geðþótta.“

Ekki er enn ljóst til hvaða aðgerða verður gripið til að mæta þessum niðurskurðarkröfum enda erfitt um vik þar sem umfang starfsseminnar ræðst af innritun að vori og rekstur næsta árs bundin að mestu leyti. „Hér vantar að alþingi marki stefnu í menntamálum í verki en ekki bara í orði,“ segir í skýrslu skólameistara.

Par segir jafnframt: „Menntaskólinn á Ísafirði er ein mikilvægasta þjónustustofnun byggðarlagsins sem gengt hefur lykilstöðu í atvinnu- og menningarlífi Ísafjarðar og nágrennis. Fjölbreytt námsframboð, gott aðgengi að heilbrigðisþjónustu ásamt fjölbreyttu og öflugum atvinnulífi og atvinnutækifærum og góðar samgöngur milli þéttbýliskjarna eru þeir þættir sem ráða mestu um búsetuval. Þetta ber að hafa í huga þegar rætt er um stöðu landsbyggðarinnar og sérstaklega hér á Vestfjörðum.“

Ef fer fram sem horfir með íbúapróun mun skólinn eiga sífellt erfiðara með að uppfylla hlutverk sitt og það markmið að bjóða upp á fjölbreytt nám með sérstaka áherslu á verknám og geta þannig fengið til sín nær alla nemendur sem útskrifast úr grunnskólum á norðanverðum Vestfjörðum og að auki frá öðrum svæðum. Ef snúa á þessari þróun við þarf gjörbreytta byggðastefnu í verki. Engar auðveldar eða einhlítar lausnir hafa verið til á vanda landsbyggðarinnar en benda má á að sú byggðastefna sem hefur verið rekin í meira en öld virðist hafa dugað vel til að byggja upp höfuðborgarsvæðið og gera Ísland nánast að borgríki.

Um miðjan október töldust vera 314 nemendur í námi við skólann sem er ellefu fleiri en á sama tíma í fyrra. Á vorönn hafa tæplega 300 nemendur innritast sem er nokkur fleiri en á síðustu vorönn og gert er ráð fyrir að námsframboð verði svipað á vorönn og verið hefur.

Eins og áður eru margar námsbrautir í boði. Á félagsfræðibraut voru 95 en á náttúrufræðibraut voru 101 en það er í fyrsta skipti í langan tíma sem þeir eru fleiri. Á almennri námsbraut voru 25 nemendur. Á starfsnámsbrautum voru 84 eða 28% og hefur þeim fækkað aðeins frá 2008 en þá var metaðsókn í verknámi. Á haustönn störfuðu alls 37 starfsmenn í 34 stöðugildum en fyrir 5 árum voru um 40 stöðugildi við skólann. Fyrir 20 árum bjuggu hér um 450 unglingar á framhaldsskólaaldri en það er um það bil sá fjöldi sem kennsluhúsnæði skólans gæti rúmað.

Hótel Reykjanes Ísafjarðardjúpi

Þorrablót 2012

20. janúar - 22. janúar

27. janúar - 29. janúar

3. febrúar - 5. febrúar

10. febrúar - 12. febrúar

- Gisting í 2 nætur
- Súpa, brauð og salatbar á föstudag
- Morgunverð laugardag og sunnudag
- Þorrahlaðborð á laugardag
- Lifandi tónlist

Verð: 14.600 kr. (pr. mann)

Pantanir í síma: 456-4844 eða á: rnes@rnes.is

Vinsamlegast látið berast

Framkvæmdir hefjast í ágúst

Stefnt er að því að byrja á framkvæmdum við ofanflóðavarnir á Ísafirði neðan Gleiðarhjalla í ágúst 2012 og að þeim verði lokið árið 2016. Lokafrágangur eins og sáning, ræktun skógar o.fl. mun þó taka eitthvað lengri tíma. Þetta kemur fram í frummatskýrslu sem hefur verið lögð fram til athugunar og kynningar hjá Skipulagsstofnun. Þar kemur fram að heildarefnismagn við framkvæmdina er áætlað tæplega 170 þúsund rúmmetrar. Að hámarki verða fluttir 50 þúsund rúmmetrar af efni inn og út af framkvæmdasvæðinu. Náma í Dagverðardal verður notuð til efnistöku en einnig til að taka við umframefni. Efnisflutningar inn á svæðið verða strax í byrjun verks en síðan jafnt út framkvæmdatímabilið.

„Garðarnir munu hafa jákvæð áhrif á samfélagið þar sem þeir skapa öruggari skilyrði til búsetu á því svæði. Einnig skapa þeir meira fjárhagslegt öryggi þar sem hætta á tjóni vegna skriðna og snjóflóða er lítil og hugsanlega hækkar verð á fasteignum,“ segir í skýrslunni.

Þar segir jafnframt að talsverð hætta sé á grjóthruni úr Gleiðar-



Ísafjarðarkaupstaður stendur að stærstum hluta undir Eyrarfjalli í Skutulsfirði. Í fjallinu er áberandi stallur sem nefnist Gleiðarhjalli.

hjalla ofan byggðar á Ísafirði og þekkt eru snjóflóð úr vestustu giljum hjallans. Til að tryggja öryggi íbúa neðan hjallans eru gerðar tillögur um gerð ofanflóðavarna og er framkvæmdin matsskyld. Stór snjóflóð hafa aldrei fallið úr hliðinni neðan Gleiðarhjalla svo vitað sé. Eftir að snjóathugunarmaður tók til starfa hafa fimm lítil flóð verið skráð á svæðinu en þrjú þeirra eru innan við framkvæmdasvæðið. Eitt snjóflóð féll eftir Stakkanešrygg og stöðvaðist um 100 m ofan við efstu hús en annað

féll sunnan við Stakkanešrygg og stöðvaðist í um 110 metra hæð yfir sjávarmáli. Einnig eru til óljósar heimildir um flóð sem féll í kringum 1950 á svæði þar sem byggð stendur núna en var þá óbyggt.

Aurskriður falla reglulega neðan Gleiðarhjalla í rigningum og leysingum og þarf ekki stórrigningar til. Stakkaneš- og Stóruðarhryggirnir eru aðalfarvegir fyrir aurflóð neðan Gleiðarhjalla. Frá 1934 hafa skriðuföll á Ísafirði verið sámilega skráð en samt má búast við því að þau séu

mun fleiri og grjóthrun er líklega vanskráð. Stærstu skriðurnar hafa líklega fallið 1965. Ein skriðan braut niður bílskúr við Seljalandsveg 72 og önnur skriða hefði fallið á íbúðarhús við Miðtún 29 nema fyrir snarræði ýtu-stjóra sem beindi henni frá húsinu með jarðýtu. Í júní 1999 féllu miklar aurskriður ásamt grjóthruni úr Gleiðarhjalla.

Snjóflóðavarnargarðarnir verða reistir neðan líklegustu snjóflóðafarvega í hliðinni, Stakkanešhryggjar og Stóruðar. Þeir eru hærri en aurvarnargarðurinn og

með brattri framhlið. Garðarnir eru almennt grafnir um 2 metra niður, miðað við núverandi yfirborð hliðarinnar, og uppgröfturinn er nýttur við byggingu þeirra. Þetta er gert til að garðarnir séu ekki eins sýnilegir frá byggðinni.

Skýrslan fer í auglýsingu innan tíðar og hefst þá formlega kynningarferlið. Það tekur sex vikur og hefst það þegar frummatskýrslan hefur verið auglýst. Allir geta komið með ábendingar eða athugasemdir við skýrsluna en þær þurfa að berast Skipulagsstofnun innan kynningartímans.

Flokkum sorp – það skiptir máli



Kynning á sorpflokkun í Ísafjarðarbæ

Starfsmenn Kubbs ehf. og Ísafjarðarbæjar eru reiðubúnir að mæta hjá þér og vinum/vinkonum eða félögum þínum til þess að kynna hvernig standa ber að flokkun sorps. Við viljum benda félagasamtökum, vinnufélögum (fyrirtækjum) og vinahópum á að taka þennan mikilvæga málaflokk til umræðu og kynningar – hafið samband og við setjum upp kynningarfund í samráði við ykkur. Jafnframt viljum við benda á mikið magn upplýsinga á heimasíðu Kubbs.

Flokkun sorps er ekki flókið mál en engu að síður er mikilvægt að allir fari að sömu reglum. Íbúar Ísafjarðarbæjar hafa svo kallað tveggja tunnu kerfi, þar sem flokkað er í eftirfarandi flokka.

- A. Almennt heimilissorp sem fer til urðunar.
- B. Endurvinnsluefni fara í endurvinnslutunnuna. Munum að skola matar leifar af umbúðum.
 - a. Málmar (niðursuðudósir, lok, naglar, skrúfur ofl.) í plastpoka í tunnuna
 - b. Plast sem er endurvinnanlegt skal fara í plastpoka í tunnuna
 - c. Fernur (undan drykkjarvörum, mjólk, rjóma, undanrennu, safa o.s.frv) í plastpoka í tunnuna
 - d. Allur sléttur pappi má fara laus í endurvinnslutunnuna
 - e. Allur bylgjupappi má fara laus í endurvinnslutunnuna (munum að minnka umfang)
 - f. Dagblöð, tímrit, bréf og kynningarbæklinga má setja laust í tunnuna

Sími: 456-4166 | www.kubbur.is | kubbur@kubbur.is



Hjúkrunar- deildinni ekki lokað

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða þarf ekki að loka hjúkrunardeildinni á Þingeyri eins og útlit var fyrir, að því haft er eftir Þresti Óskarssyni, framkvæmdastjóra stofnunarinnar á mbl.is. Heilbrigðisstofnanir landsins tanda frammi fyrir enn einu niðurskurðarárinu og víða þarf að segja upp starfsfólki. Má búast við frekari tíðindum af þeim málum á næstunni að því er segir á mbl.is en misjafnt er hversu harkalega niðurskurðurinn leggst á stofnanirnar. Í nokkrum tilvikum hefur verið hægt að milda áður boðaðan niðurskurð, m.a. vegna leiðréttingar á of lágum framlögum vegna húsaleigu nokkurra heilbrigðisstofnana.

Þróstur segir að ekki þurfi að grípa til viðlíkra uppsagna og horfur hefðu verið árið 2012,“ segir Gústaf Gústafsson, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Vestfjarða, aðspurður um væntingar í ferðaþjónustunni í ár. „Þróunin hér vestra hefur verið mjög jákvæð undanfarið ár að mörgu leyti. Sem dæmi má taka að fjöldi ferðamanna sem lagði leið sína til Vestfjarða var sá sami á árunum 2008 og 2010 en á sama tíma var 20% fjölgun gistinátta á svæðinu meðal erlendra ferðamanna. Það segir okkur að við erum að halda mjög vel í þá ferðamenn sem hingað koma og auka við okkur í framlegð. Þetta er



Tilefni til bjartsýni árið 2012

gríðarlegur árangur því það er ekki nóg að horfa eingöngu til fjöldans sem kemur inn á svæðið. Fjölgun gistinátta á hvern ferðamann hefur í för með sér betri nýtingu á fjárfestingunni á svæðinu og auknar tekjur.“

Aðspurður hvað hafi staðið upp úr á síðasta ári segir Gústaf það hafa verið fyrir sitt leyti breytingar á stoðkerfinu og sameining ferðaþjóna undir fána Vesturferða. „Mikil orka fór í breytingarnar á stoðkerfinu nú seinni part ársins. Sömu sögu er að segja um þær breytingar sem komu í kjölfar kaupna Ferðamálasamtaka Vestfjarða á Vesturferðum. Ég ber miklar vonir til þess að þetta

samstarf ferðaþjónanna sem komst á með útboði hlutafjár Vesturferða verði mikið happaskref fyrir vestfirsku ferðaþjónustu, kannski eitt það merkilegasta í langan tíma.“

Gústaf segist gera ráð fyrir því að byrjað verði að gæta áhrifa af sameiningunni strax næsta sumar. „Bæði með stóru auknu framboði á vöru fyrir ferðamenn sem koma vestur, innlenda og erlenda, og eins má gera ráð fyrir að þessar vörur verði mun sýnilegri en áður. Það var nú tilgangurinn með þessu skrefi, að opna öfluga sölugátt inn á svæðið og ég býst við að það muni skila sér mjög fljótlega.“

Aðspurður segir Gústaf fullsnemmt að segja til um bókanir fyrir næsta sumar en það sem hann hafi heyrt af ferðaþjónum sé bara bjartsýni. „Ég held því að það sé almennt tilefni til þess að vera bjartsýnn fyrir vestfirsku ferðaþjónustu árið 2012. Það er reyndar spád lægð í ferðaþjónustunni í Evrópu en það hafa verið að opnast nýir markaðir bæði í Bandaríkjunum og Kanada. Svo hafa eldgos undanfarna ára gert mikið fyrir íslenska ferðaþjónustu og vakið mikla athygli á landinu. Við erum með „exótískan“ stimpil á okkur í Ameríku, sem á eftir að skila sér í auknum straumi til landsins.“

Hvert nú?

Stakkur skrifar >

Í upphafi nýs árs staldra menn gjarna við. Hvað færði liðið ár okkur? Hvers má vænta af nýju ári? Báðar spurningarnar vekja fá svör sem ekki auka á þunglyndi venjulegs fólks. Fólk streymir frá Íslandi til þess að efna loforð ríkisstjórnarinnar um norræna velferð. Henni hefur ekki tekist að færa hana til Íslands. Ef fjallið kemur ekki til spámannsins verður spámaðurinn að koma til fjallsins. Áður var spámaðurinn nefndur með nafni. En í þjóðfélagi misskilins pólitísks rétrúnaðar er ekki lengur óhætt að nefna nein nöfn sem geta valdið minnihlutahópi á Íslandi trúarlegum óþægindum. Íslendingar biðu vongóðir að vinir lítilmagnans efndu loforð sitt, en margir gáfust upp. Þeir ákvaðu sjálfur að auðvelda efndir og flytja til Norðurlandanna, einkum Noregs, í von um norræna velferð. Ekki er von á góðu þegar forystumenn ríkisstjórnar Samfylkingar og Vinstri grænna neita að horfast í augu við mestu fólksflutninga frá Ísland í meira en heila öld.

Hver er staðan þegar mánuð skortir á þriggja ára valdatíma flokka, sem sitja stíft og leita allra ráða til þess að standa ekki upp úr ráðherrastólum? Öllum brögðum er beitt sagði barnið þegar það ýtti villikettinum aftur út um gluggann, bolabrogðum hvað þá heldur. Hvar standa uppgjörsmálin vegna hrunsins? Það átti einmitt að hreinsa til. Er siðferði betra? Það verður ekki greint. Fáar ákærur hafa komið frá sérstökum saksóknara. Brauð og leikir halda lýðnum góðum hugsuðu keisarar í Róm til forna. Hvorugt er í ofgnótt nú. Meiri fjöldi en nokkru sinni á lýðveldistímanum leitar aðstoðar til

að brauðfæða sig. Leikirnir eru óleikir eða afleikir. Skuldastaða heimila er vond. Fólk er mismunad eftir því hvort fjölskyldan veitti því veð fyrir lánnum í öðru húsnæði en því keypta. Allt að sjálfsgöðu að ráði þeirra sem réðu bönkum og lánasjóðum. Þeir hinir sömu horfa nú köldum augum á skuldara. „Pabbi þinn og mamma eiga hús sem stendur undir veðinu, engin niðurfærsla hér“.

Á sama tíma fella bankar niður milljarðaskuldir hrunkónga og –drottninga. Litli maðurinn skal eta það er úti frýs. Umboðsmaður skuldara er misheppnað fyrirbrigði. Allt tekur langan tíma og á meðan gefast margir upp. Allsherjar flöt lækkun skulda hefði verið öllum ódýrari og jafnari. Þá hefðu alger vandræðamál staðið út af og kallað á sérstakar lausnir. Frestun vandans er ódugandi lausn og alltof margir hafa kiknað undan skuldabyrði og sviknum loforðum.

Á sama tíma hefur ríkisstjórn stöðvað hverja framkvæmdina á fætur annari sem kynni að auka atvinnu. Ekki örlar á framfarahugsun. Hún drukknað í skattahækkunum og árásum á sjávarútveginn, sem munu kippa stoðum undan byggð á Vestfjörðum. Árið 2011 reyndist ár glataðra tækifæra. Framundan er ekki bjart. Yfir almenningi er deyfð og vonleysi sem ekki veit á gott. Yfir Alþingi er enn meiri dyfð. Best er að segja ekkert um ríkisstjórnina. Sagan mun dæma hana. Sól hækkar á lofti.

Gleðilegt nýtt ár.



Heilbrigðisstofnun Vestfjarða á Ísafirði.

Hækkunir á gjaldskrárm vegna heilbrigðisþjónustu

Gjöld sem sjúkratryggðir greiða fyrir heilbrigðisþjónustu hækkuðu að jafnaði um 5,3% um áramótin í samræmi við áætlun fjárlaga um hækkun sértekna stofnana og þar með vegna verðlags- og gengisbreytinga. Komugjöld á heilsugæslustöðvar og gjald fyrir vitjanir heilsugæslulækna verða óbreytt. Í fjárlögum þessa árs er gert ráð fyrir að sértekjur stofnana hækki að jafnaði um 5,3%. Er þá gert ráð fyrir leið-

réttingu vegna vanmats á verðlagsbreytingum í forsendum fjárlaga þessa árs og spá um 3,7% hækkun vísitölu neysluverðs árið 2012. Um áramótin taka gildi breytingar á gjaldskrárm fyrir heilbrigðisþjónustu til samræmis við þetta.

Meðal helstu ákvarðana um gjaldskrár ársins 2012 er að þrútt fyrir að gjöld fyrir heilbrigðisþjónustu hækki að jafnaði um 5,32% verða komugjöld á heilsu-

gæslustöðvar og gjöld fyrir vitjanir heilsugæslulækna óbreytt. Börn yngri en 18 ára greiða ekkert fyrir komu á heilsugæslustöð líkt og verið hefur. Með þessu er lögd áhersla á mikilvægi heilsugæslunnar á sviði grunnþjónustu og sem fyrsta viðkomustaðar fólks í heilbrigðiskerfinu.

Sjúkra-, iðju- og talþjálfun: Kostnaður sjúklinga fyrir þjálfun sem sjúkratryggingar taka þátt í að greiða hækkar um þrjú pró-

sentustig fyrir fyrstu 30 skiptin hjá þjálfara. Kostnaður vegna meðferðar sem samþykki hefur verið veitt fyrir umfram 30 skipti hækkar ekki frá því sem nú er. Sjúkraflutningar: Gjald fyrir sjúkraflutninga þeirra sem eru sjúkratryggðir hækkar um 7,2% eða úr kr. 5.130 í kr. 5.500. Þurfi sjúklingur sem liggur á sjúkrahúsi eða heilbrigðisstofnun á sjúkraflutningi að halda greiðir viðkomandi stofnun fyrir flutninginn.



Dísa Alberts jarðsungenin á laugardag

Herdís Albertsdóttir á Ísafirði, elsti Vestfirðingurinn, lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði á aðfangadag, 103 ára að aldri. Herdís, eða Dísa Alberts, eins og hún var jafnan kölluð, bjó alla tíð í húsi sínu við Sundstræti á Ísafirði, eða til ársins 2008 er hún fór á öldrunardeild FSÍ. Herdís var einnig þekkt fyrir að vera hallharður stuðningsmaður íslenska landsliðsins í handbolta.

Herdís verður jarðsungenin í Ísafjarðarkirkju laugardaginn 7. janúar kl. 14.

– *thelma@bb.is*

Flokkum sorp – það skiptir máli

- Flokkum sorp – sorp er verðmæti ef við meðhöndlum það rétt
- Flokkum sorp – sorp er auðlind og stundum kallað „auðlind á villigötum“
- Flokkum sorp – náttúran á það skilið
- Flokkum sorp – hagsmunir og framtíð jarðarbúa eru í húfi
- Flokkum sorp – endurnýting muna og efna leiðir til sparnaðar
- Flokkum sorp – endurnýting muna og efna er náttúrunni og mannfólkinu í vil
- Flokkum sorp – endurvinnsla efna leiðir til orkusparnaðar
- Flokkum sorp – endurvinnsla efna leiðir til bættrar umgengni um náttúruna
- Flokkum sorp – það skiptir okkur öll máli, engan þó meira en afkomendur okkar

- Munum að röng flokkun getur leitt til þess að tunnur verði ekki losaðar
- Munum að röng flokkun sorps eyðileggur árangur og ávinning fjölda annarra
- Munum að röng flokkun sorps skaðar náttúruna og framtíð barna okkar
- Munum að tunnur eru á ábyrgð húsráðenda
- Munum að fjúkandi tunnur geta valdið tjóni og eyðilagst
- Munum að tunnur sem eyðileggjast vegna vanhírðu verður húsráðandi að greiða fyrir
- Munum að aðgengi að tunnum þarf að vera gott svo unnt sé að losa þær

Starfsmenn Kubbs ehf. þakka ánægjuleg samskipti við íbúa Ísafjarðarbæjar á árinu 2011 og óska þeim farsæls árs 2012.

Sími: 456-4166 | www.kubbur.is | kubbur@kubbur.is



TH ehf., úrskurðað gjaldþrota

TH ehf., á Ísafirði hefur verið úrskurðað gjaldþrota. Eins og fram hefur komið var öllum starfsmönnum fyrirtækisins var sagt upp í lok nóvember en þar unnu þrjátíu manns, bæði á Ísafirði og Akranesi. Úrskurðurinn var kveðinn upp í Héraðsdómi Vestfjarða rétt fyrir jól og var Tryggvi Guðmundsson skipaður skiptastjóri. Að sögn Tryggva er of snemmt að segja til um helstu kröfur í fyrirtækið. Gefinn er tveggja mánaða frestur til að skila inn kröfulýsingu. „Ég myndi halda að þetta yrði tekið fyrir í mars og þá fyrst liggur fyrir hversu mikið umfang þetta er.“

Er greint var frá uppsögn starfsmanna fyrirtækisins um þar síðustu mánaðamót sagði Steinþór Bjarni Kristjánsson, framkvæmdastjóri og eigandi TH, í samtali við Morgunblaðið, að verið væri að spá í ástand og horfur og tíminn yrði að leiða í ljós hvort einhverjir starfsmenn yrðu ráðnir aftur.

TH ehf., sem áður hét Trésmiðjan Hnífsdal ehf., hefur starfað frá árinu 1958. Á síðasta ári keypti félagið Trésmiðju Þráins E. Gíslasonar sf. á Akranesi.

Safnmunir Ósvarar skrásettir

Unnið hefur verið að skrásetningu safnmuna í sjóminjasafninu Ósvör í Bolungarvík undanfarnir tvö sumur. Megintilgangur verkefnisins var að gera sýningu að safni með skráningu safngripa. Þeir voru myndaðir og upplýsingar um hvern grip skráðar í aðfangabók og Access-gagna-grunn. „Öll vinna var unnin með tilliti til þess að hægt væri að færa upplýsingarnar seinna í SARP, sem er menningarsögulegt gagnasafn á Íslandi. Við væntum þess að skráning þessi muni betrubæta til muna upplýsingaflæði, varðveislu og uppsetningu safnsins,“ segir í skýrslu um skrásetninguna.

Þar segir að verkefnið gefi gott færi á að betrubæta safnið, þ.e. auka upplýsingaflæði til sýningar-gesta með t.d. upplýsinga-spjöldum, bæklingum eða öðru slíku. Einnig er hægt út frá þessu að skipuleggja safnið betur að



innan með því að hafa horn, ramma eða skáp með hlutum sem ekki tilheyrðu þessu tímabili íslenskra sjómanna. Hægt væri einnig að setja sama hlutinn sem breyttist með tímanum hlið við hlið merktan með tilheyrandi tímabili. Einnig er hægt að nýta þetta til að marka hluti safns við tímabil og setja aðra hluti í geymslu eða lána til safna sem hluturinn tilheyrir frekar.

Ósvör við Ósá í Bolungarvík er gamalt útræði frá árunum 1905-1925. Á árunum 1989-1990 var ráðist í endurbyggingu Ósvarar vegna gerðar myndarinnar Verbúðin Ísland. Við tókur mynda lánaði Bygðasafn Vestfjarða ýmsa hluti, sem í dag eru hluti af safngripum í Ósvör. Einnig lét Geir Guðmundsson af hendi nokkuð marga gripi sem einnig tilheyra safninu í dag. Fljótlega

eftir gerð myndarinnar vaknaði áhugi fólks á að skoða gömlu verbúðina. Það féll í hlut Geirs Guðmundssonar að halda verbúðinni opinni fyrir íslenska og erlenda ferðamenn. Hann viðhélt einnig hlutum og varð Ósvör því óformlegt safn frá því um 1990-1991. Gripir safnsins hafa hins vegar til þessa ekki verið skráðir samkvæmt safnalögum.

– *thelma@bb.is*

Mesta lækkunin í dreifbýli

Niðurgreiðsla flutnings og dreifingu á raforku að fullu til hitunar íbúðarhúsnæðis eru meðal tillagna í skýrslu starfshóps um breytingar á niðurgreiðslum til húshitunar. Starfshópurinn var skipaður í kjölfar ríkisstjórnarfundar sem haldinn var á Ísafirði í apríl á þessu ári þar sem samþykkt var að unnið yrði að því

með Samtökum sveitarfélaga á köldum svæðum, að leita leiða til að lækka og jafna húshitunarkostnað, en um 10% landsmanna hafa ekki aðgang að jarðhita í formi jarðvarmaveitna og þurfa að notast við rafhitun eða olíu. Tillögu starfshópsins má skipta í þrennt. Í fyrsta lagi er lagt til að grundvallarbreyting verði gerð á

niðurgreiðslukerfinu þannig að flutningur og dreifing á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis verði niðurgreidd að fullu. Kerfið verður þá sjálfvirk þar sem öllum breytingum á verði á raforku-dreifingu yrði mætt með sjálfvirkum hætti án þess að sérstök ákvörðun þurfi að liggja þar að baki.

Kyntar hitaveitur eru veiturnar á Ísafirði, í Bolungarvík, á Suðureyri, á Flateyri og á Patreksfirði sem er allar í eigu Orkubús Vestfjarða. Veiturnar á Hornafirði og á Seyðisfirði eru í eigu RARIK og veitan í Vestmannaeyjum í eigu HS-veitna. Þar sem rafhitun í gegnum kyntar hitaveitur hefur ekki skilgreinda dreifingu leggur starfshópurinn til að niðurgreiðslur kyntra hitaveita breytist hlutfallslega í takt við breytingar á niðurgreiðslu við beina rafhitun. Áhrif á endanlegt verð til neytenda eru mismikil enda felur tillagan í sér verðjöfnun innan jöfnunarkerfisins. Þannig lækkar orkuverð í dreifbýli mest en það var hæst fyrir.

Í öðru lagi er gerð tillaga að breyttri fjármögnun niðurgreiðslna. Tillaga hópsins er að jöfnunargjald verði sett á hverja fram-

leidda kWst sem næmi þeim kostnaði sem nauðsynlegur er á hverjum tíma til að niðurgreiða að fullu flutning og dreifingu raforku til upphitunar íbúðarhúsnæðis. Árið 2011 var niðurgreiðslan hjá Orkubúi Vestfjarða 2,81 kr/kWst í þéttbýli, 4,15 kr/kWst í dreifbýli og 2,04 hjá RO-veitum. Gert er ráð fyrir, samkvæmt tillögum, að niðurgreiðslan verði 4,26 kr/kWst í þéttbýli, 6,42 kr/kWst í dreifbýli og 3,31 kr/kWst árið 2013 sem þýðir 52% til 55% hækkun á niðurgreiðslu.

Í þriðja lagi gerir hópurinn nokkrar tillögur sem snúa að frekari jarðvarmaveitu uppbyggingu og bættri orkunýtni, þar ber hæst að starfshópurinn leggur til að jöfnunargjald verði lagt á hitaveitur, svipað og á raforkuframleiðslu, sem geti ávallt tryggt viðgang og vöxt jarðvarmaveitna. Einnig er lagt til að heimilt verði að lengja stofnstyrkjaframlagið í allt að 12 ár ef þörf krefur. Að auki er lagt til að Orkustofnun skoði sérstaklega þann mikla mismun sem er á verði til neytenda hjá raforku veitum og geri tillögur til úrbóta.

– *asta@bb.is*

Heyrnartækjapjónusta á Ísafirði

Árni Hafstað heyrnarfræðingur verður á Ísafirði við heyrnarmælingar, ráðgjöf og sölu heyrnartækja

Þriðjudaginn 10. janúar

Mikið úrval af vönduðum og einstaklega nettum heyrnartækjum í ólíkum verðflokkum

Upplýsingar og tímapantanir í síma 568 6880



Glæsibæ | Álfrheimur 74 | 104 Reykjavík | Sími 568 6880 | www.heyrnartaekni.is



Betri heyrn
Bætt lífsgæði

Gleðilegt nýtt ár með þökk fyrir árið sem var að líða



Sophus Magnússon
hóperðir - almenningsamgöngur
vöruflutningar - taxi

Skipagata 15 • 400 Ísafjörður

Símar: 893 8355 • 456 4258
Netfang: taxi@snerpa.is

Gleðilegt nýtt ár!

Dakka fyrir allt liðið. Hjartans kveðjur til allra sem hafa hjálpað mér á einn eða annan hátt á liðnu ári. Hittumst heil og hress.

Ragna á Laugarbóli

Umhverfissvænn skíðaáburðar hreinsir í þróun á Ísafirði

Grænensk-íslenska fyrirtækið Greenland kayaks á Ísafirði vinnur að þróun umhverfissvæns hreinsis fyrir skíðaáburð, sem yrði sá fyrsti sinnar tegundar á markaðnum. „Við höfum lagt mikla áherslu á umhverfissvænni framleiðslu á íþróttavörum. Framleiðslan á kayökunum er til dæmis 80% umhverfissvæn og endurvinnanleg. Til að mynda er timbrið fengið úr sjálfbærum skógum. Í framhaldi af þessu höfum við verið að þróa fleiri vörur sem eru umhverfissvænar, þar á meðal þurrpoka og róðrarstakka úr umhverfissvænni og vatnsheldri bómull. Eitt af því sem við erum að bæta nú við okkur er hreinsir

á skíðaáburði úr umhverfissvænni sápu,“ segir Baldvin Kristjánsson, sem rekur Greenland kayaks.

Hann bendir á að úti í Noregi þar sem hann er staddur núna, er ráðandi á markaðnum hreinsir sem gerður er úr rokgrönu spreji úr leysiefnum. „Það er ekki hægt að nota það innanhús þar sem fólk fær mífreni eða eiturskrif af því. Asmasjúkir mega ekki nota það og atvinnumenn nota öndunargrímur með súrefnisflæði til að þrifa skíðin sín. Þetta sættir fólk sig við svo að það geti notið útivistarinnar sem er frekar mót-sagnakennt. Við vildum því koma með fleiri vörur sem hjálpa fólk að njóta útivistar án þess að baki

þess standi þrælahald, olíuöndur eða eiturfænaöndur.“

Hreinsirinn er unninn í samstarfi við fyrirtækið Undra ehf. sem sérhæfir sig í að framleiða umhverfissvænar hreinsivörur sem brotna hratt niður í náttúrunni. „Við settum okkur í samband við þá til að finna lausn á þessu máli og höfum verið að þróa hreinsinn frá því í júní í fyrra. Framkvæmdir hafa verið tíu tilraunir á Íslandi til að færa okkur í rétta átt og nú erum við komin með þessa skíðasápu til Noregs og erum í samstarfi við skíðaskóla í Telemark til að prófa sápu. Þó svo að við teljum að þetta sé tilbúið er ekki víst að

þeir sem eru í skíðasportinu séu sáttir. Sá sem sér um skíðasmurn-inguna fyrir landsliðið hefur tekið vörðuna til prófunar. Við fáum einnig aðstoð frá ýmsum atvinnu-mönnum í íþróttinni við að prófa vöruna sem og ísfrska skíðamenn en við höfum nú sent prufur til Craftsport á Ísafirði til aðstoða okkur við þetta,“ segir Baldvin.

„Við erum að vona að við getum komið með umhverfissvæna og notendavæna sápu sem hægt er að þrifa smurningu og klístur af skíðum þess vegna inni í stofu yfir kvöldfréttunum. Hún er gerð úr íslensku hráefni og framleidd af tveimur íslenskum fyrirtækjum.“

Baldvin bætir við að markaðurinn gæti verið mun stærri en fyrir annan skíðaáburðarhreinsis þar sem einnig er hægt að nýta hreinsinn til annara nota. „Það eru mjög góðar fréttir fyrir verslanir sem hugsanlega hefðu áhuga á að selja hreinsinn að hægt er að hafa hann í sölu allt árið í staðinn fyrir að það sé eingöngu á skíða-tímabilinu. Hægt er nota hana til að þrifa blautbúnað og sjófátnað sem oft er erfitt að þrifa.

Og til að auka umhverfissvænu áhrifin enn frekar þá getum við nýtt plássið sem myndast í fraktinni þegar við sendum kaykana út frá Ísafirði til að senda hreinsinn út,“ segir Baldvin.

Metár hjá Júlíusi

Síðasta ár var það besta hjá frystiskipinu Júlíusi Geirmundsson ÍS 270. Sverrir Pétursson útgerðarstjóri Hraðfrystihússins Gunnvarar hf., sem gerir Júlíus út, áætlað að aflaverðmæti skipsins sé um 1.600 milljónir króna, þrátt fyrir að skipið hafi verið fjórar vikur frá veiðum er það var í slipp. Sverrir telur að makrílveiðarnar hafi skipt sköpum. „Þetta er annað árið í röð sem skipið er á makrílveiðum og þar var aflaverðmætið um 340 milljónir króna og það er viðbót við það sem var árið 2010,“ segir Sverrir. Júlíus var bundinn við

bryggju yfir jólahátíðina og hélt að nýju til veiða mánudaginn 2. janúar.

Veiðin hjá öðrum skipum HG var þokkaleg á árinu. Valur ÍS hefur verið á veiðum í Ísafjarðardjúpi. „Hann á svolítið eftir af kvóta og verður áfram á rækjuveiðum fram á nýja árið. Veiðin í Djúpinu hefur verið góð og fáheyrt að menn hafa verið að veiða svona vel. Hins vegar liggur óvissan um framtíð kvótakerfisins eins og mara á okkur og af þeim sökum er allt í biðstöðu hér líkt og hjá flestum öðrum fiskvinnslufyrirtækjum í landinu.



Frystitogarinn Júlíus Geirmundsson ÍS.

Það hefur hvorki verið farið í að endurnýja fiskvinnslutæki né

bátaflotann sem er að verða frekar gamall, Páll Pálsson ÍS er að

nálgast fertugsaldurinn og Stefnir varð 35 ára á árinu,“ segir Sverrir.

Sælkerar vikunnar eru Halldóra Pétursdóttir og Axel Baldvinsson í Súðavík

Fylltar kjúklingabringur og ostaterta

Sælkeri vikunnar býður upp á einfaldan og góðan kjúklingarett og ostatertu.

„Við hjónin höfum mjög gaman að því að elda saman og fá til okkar vini í mat. Við höfum gaman af prófa nýjar uppskriftir og það er alltaf mikil gleði í eldhúsinu þegar við eldum saman. Bóndinn minn er snillingur í eldhúsinu og töfrar hann fram frábæran mat,“ segir Halldóra. Í eftirrétt bjóða þau hjónin uppá ostatertu en að sögn Halldóru er gott að eiga kökuna í frysti þegar tíminn er naumur eða halda eigi óvænt boð.

Fylltar kjúklingabringur

4 kjúklingabringur
1 rjómaostur
1 flaska agave síróp, helst dökkt
1 krukka pestó
1 krukka fetaostur, helst gráð
ostafeti
svartur pipar
Maldon salt

Kjúfið bringurnar í tvennt eins og fiðrildi. Setjið klípu af rjómaosti á miðja bringunum, en engin ástæða er til að spara rjómaostinn. Bringurnar eru því næst rúllaðar upp og raðað í eldfast mót, saltið og piprið eftir smekk. Smyrjið pestó á hverja bringu og hellið sírópinu yfir. Setjið í 180 °C heitan ofn og eldið í 30 - 45

mínútur eða þar til bringurnar er eldað í gegn. Borið fram með góðu salati og hrísgrjónum.

Ostaterta

260 gr. hafrakex eða makka rónukökur
200 gr. smjör
300 gr. rjómaostur
130 gr. flórsykur
1. tsk. vanilludropar
5. dl. rjómi
150 gr. sýrður rjómi
3 pakkur Rolo

Setjið smjörpappír á botninn á 24 -26 cm smelluform. Myljið kexið gróft í skál, blandið smjörinu saman við og setjið í botninn á forminu, breiðið úr en þjappið



ekki. Hrærið rjómaosti, flórsykri og vanilludropum saman Blandið þeyttum rjóma saman við og hellið blöndunni ofan á botninn sléttið vel. Bræðið varlega saman sýrðum rjóma og rólo við lág-

an hita, kælið aðeins og breiðið yfir ostablönduna. Skreytið kökuna með Rolo og frystið.

Við skorum á Guðrúnu Elíasdóttur í Súðavík að vera næsta sælkeri vikunnar.



TYGGÐU EXTRA

EFTIR HVERJA MÁLTÍÐ

Rannsóknir sýna að notkun sykurlauss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnunum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.



Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuefnis í tyggigúmmí